

Utanríkismálanefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
150 Reykjavík.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/920*  
*komudagur 13.2.2007*

Reykjavík, 13. febrúar 2007

Rauði krossinn þakkar utanríkismálanefnd fyrir tækifæri til umsagnar um tillögu til þingsályktunar um kaup og rekstur á færanlegri sjúkrastöð í Palestínu.

Alþjóða Rauði krossinn hefur starfað í Ísrael og á herteknu svæðunum og sjálfstjórnarsvæðum Palestínu allt síðan stríðsátök brutust út á svæðinu árið 1967. Alþjóða Rauði krossinn fylgist grannt með ástandi palestínsks almennings og þeirra sem verst hafa orðið úti vegna útgöngubanns og annarra takmarkana Ísraelshers, heimsækir fanga og aðstoðar þá sem líða skort á Vesturbakkanum og Gazaströndinni. Alþjóða Rauði krossinn styður palestínska Rauða hálfmánann sem er öflugt landsfélag og sér um stóran hluta heilsugæslu og sjúkraflutninga samkvæmt samningum við palestínsk stjórnvöld.

Alþjóða Rauði krossinn hefur lýst yfir áhyggjum sínum vegna síversnamdi ástands á hernumdu svæðunum og á sjálfstjórnarsvæðum Palestínu. Aðgangur almennra borgara að nauðpurftum hefur verið skertur þar sem útgöngubann ríkir, vegatálmur eru víða og verið er að reisa múr á Vesturbakkanum sem mun einangra íbúa enn frekar. Palestínnumenn njóta takmarkaðrar heilbrigðis- og félagsþjónustu og þeim fjölgar sem búa við sára fátækt.

Almennir borgarar á hernumdum svæðum í Palestínu njóta verndar alþjóðalaga einkum fjórðu greinar Genfarsamninganna. Ísrael, sem hernámsríki, er því skuldbundið til að tryggja velferð almennings á þeim svæðum

Palestínsk stjórnvöld greiddu hluta launa starfsfólks heilbrigðisþjónustu Rauða hálfmánans en ný ríkisstjórn sem tók við fyrir rúmu ári hefur ekki getað staðið við þær skuldbindingar. Palestínski Rauði hálfmáninn hefur þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður haldið ótrauður áfram starfi sínu við að aðstoða þá sem mest þurfa á að halda. Hann rekur m.a. sjúkrabíla, heilsugæslustöðvar og sjúkrahús og ber því ábyrgð á stórum hluta heilbrigðisþjónustunnar á svæðinu. Síðastliðin tvö ár hefur palestínski Rauði hálfmáninn stundað yfirgripsmikið starf á 30 heilsugæslustöðvum samkvæmt samningi við palestínsk yfirvöld og í samstarfi við heimamenn.

Rauði hálfmáninn rekur einnig fimm færanlegar sjúkrastöðvar í þremur héruðum (Qualgilia, Hebron og Jenin) sem þjóna alls 70 þúsund íbúum þriggja þorpa. Í hverju teymi fyrir sjúkrastöðvarnar eru læknir, hjúkrunarfræðingur og bílstjóri sem annast heilsugæslu og sinna heilbrigðisfræðslu í 27 þorpum.


Árið 1993 ákvað ríkisstjórn Íslands að veita 92 milljónum kr. til uppbyggingarstarfs í Palestínu. Snemma árs 1994 veitti ríkisstjórnin 8 milljóna króna framlagi til Rauða krossins og í framhaldi af því starfaði íslenskur hjúkrunarfræðingur við að byggja upp heilbrigðisþjónustu á sjálfstjórnarsvæðunum. Frá þeim tíma hefur Rauði kross Íslands verið í samstarfi við palestínska Rauða hálfmánann og Alþjóða Rauða krossinn á svæðinu á margvíslega vegu. Heildarframlag Rauða kross Íslands til aðstoðar á svæðinu er nú orðin rúmar 45 milljónir króna og hyggur Rauði krossinn á áframhaldandi samstarf og stuðning við palestínska Rauða hálfmánann.

Rauði krossinn hefur að leiðarljósi að styðja fyrst og fremst heimamenn til að takast á við það ástand sem við blasir og þar gegnir palestínski Rauði hálfmáninn lykilhlutverki.

*Í ljósi þess ástands sem nú ríkir í Palestínu telur Rauði kross Íslands mjög mikilvægt að veita fé til heilbrigðismála í landinu og að það sé best gert í náinni samvinnu við heimamenn sem færastir eru til að segja til um þarfir og úrlausnir.*

*Vegna þess langa samstarfs sem Rauði kross Íslands og palestínski Rauði hálfmáninn hafa haft með sér er Rauði krossinn reiðubúinn að koma aðstoð Íslands til Palestínumanna til skila sé þess óskað.*

Með vinsemd,



Kristján Sturluson  
framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands